

Ferðafélag Fjarðamanna

Ferðadagskrá og fréttabréf 2007

1. tbl. 11. árg.

Mars 2007

Ábyrgðarm. Sigurborg Hákonard.



Skáli Ferðafélags Fjarðamanna að
Karlstöðum í Vöðlavík

Heimasíða félagsins er <http://www.simnet.is/ffau>

Geymið þetta eintak og takið
þátt í dagskrá sumarsins

Ferðadagskrá Ferðafélags Fjarðamanna 2007

APRÍL og MAÍ

6. apríl. Föstudagurinn langi. Píslarganga á skíðum eða skóm eftir veðri. Nánar auglýst á heimasíðu og í símsvara.

8. apríl. Páskadagur. Hefðbundin hátíðarganga út í Páskahelli í Norðfirði. 🐾

Verður sólardans 2007? Fararstjóri: Ína D. Gísladóttir.
Mæting við Norðfjarðarvita kl. 6:00 að morgni.

28. apríl. Óvissuferð á Héraði. 🐾

Ferð þar sem blandað er saman léttri göngu, fróðleik og skemmtun.
Fararstjóri Arndís Þorvaldsdóttir. Mæting við upplýsingamiðstöðina á Egilsstöðum kl. 10:00

5. maí. Árleg fuglaskoðun og talning á leirum Reyðarfjarðar og Norðfjarðar. 🐾

Samvinnuferð Náttúrustofu Austurlands og ferðafélagsins.
Sérfræðingar Náttúrustofu stjórna talningu. „Fuglaskóp“ á staðnum.
Mæting á leirunum á háfjörú kl. 9:00 á Norðfirði og kl. 10:30 á Reyðarfirði.

19. maí. Kvöldganga upp með Helgustaðaánni. 🐾

Komið við í silfurbergsnámunni.
Fararstjórar: Sævar og Berglind á Mjóeyrinni. Mæting kl. 20:00 við Helgustaðaá.

26. maí. Jarðfræðiferð á Sandfell í Fáskrúðsfirði. 🐾 🐾

Lagt upp frá bænum Víkurgerði í Fáskrúðsfirði, gengið upp með Víkurgerðisá og upp í Fleinsdal og fram á Sandfellið.
Ferðin tekur 4-6 tíma. Fararstjóri Einar Þórarinsson.
Mæting kl. 10:00 við Víkurgerði.

JÚNÍ

9.–10. júní. Viðfjörður – Barðsnes. 🐾🐾🐾

1. dagur:

Sigt frá Norðfjarðarhöfn til Viðfjarðar. Gengið í Sandvíkurskarð og þaðan út að Barðsnesi. Glæsilegt útsýni úr Skarðinu. Gist á Barðsnesi.

2. dagur:

Gengið í Skollaskarð og þaðan upp á Vatnshól. Farið í Mónes og út fyrir að einstökum steingerfingum og síðan í bakaleið út á Hornfont. Siglt til baka frá Barðsnesi ef veður leyfir, annars frá Viðfirði.

Litskrúð í líparíti, rústir, sögur, fuglalíf og einstakt útsýni ef vel viðrar. Kvöldmat á laugardag innifalinn. Þátttakendur koma með annað nesti og svefnpoka. Hámarksfjöldi 20 manns.

Verð kr. 8.000 fyrir félagsmenn og 9.000 fyrir aðra.

Skráning hjá fararstjórum Ínu s: 894-5477 og Lullu s: 863-3623 á fimm-tudagskvöld fyrir ferð.

15.-17. júní. Vinnuferð í Karlsstaði í Vöðlavík.

Tilkynna þátttöku til Lullu s: 863-3623. Það verður þrifið, smíðað o.m.fl. Takið frá helgina, vinnuframlag ykkar er vel þegið hvort sem það er einn dagur eða öll helgin. Vinnufólk fær frítt fæði. Verðum á staðnum eftir 18:30 á föstudegi.

23. júní. Sólstöðuganga á Hellisfjarðarmúlann. 🐾🐾

Hellisfjarðarmúlinn er á milli Norðfjarðar og Hellisfjarðar.

Fararstjóri Laufey Sveinsdóttir. Mæting kl. 20:00 við Grænanes.



JÚLÍ

1. júlí. Kajak fyrir börnin.

Í umsjón Kajakklúbbsins Kaj. Börnunum boðið í sund á eftir.

Umsjón: Ari Benediktsson.

Mæting kl. 13:00 í fjörunni neðan við kirkjuna í Neskaupstað.

7.– 8. júlí. Dalatangi - Skálanes – Brekka. 🐾🐾🐾

Tveggja daga gönguferð fyrir hressa göngugarpa í ævintýrlega fallegu umhverfi.

1. dagur: Göngufólk hittist á hlaðinu á Sólbrekku í Mjóafirði kl. 9:00.

Sameinað í bíla og ekið út á Dalatanga. Lagt upp frá Dalatanga

kl. 10:00, gengið um Afrétt og Afréttarskarð að Skálanesi í Seyðisfirði.

2. dagur: Gengið um Austdal og um Brekkugjá til Brekku í Mjóafirði.

Innifalið í ferðinni er: Fararstjórn, gisting, kvöld- og morgunverður á Skálanesi og leiðsögn um svæðið.

Verð kr. 7.500 fyrir félagan en kr. 8.500 fyrir aðra.

Fararstjóri er Bjarni Aðalsteinsson.

Skráning í síma 477 1583 / 894 6587 fyrir máilok.

Sameiginleg ferð Ferðafélags Fjarðamanna og Ferðafélags Fljótsdalshéraðs.

Haustferð að Þerribjargi í Kollumúla

Dagsetning ekki ákveðin en stefnt verður á einhvern

eftirtalinna daga: 18., 19., 25. og 26. ágúst eða

1., 2., 8. og 9. september.

Ekki verður farið nema í góðu veðri.

Dagsferð. Gengið af Hellisheiði út í Múlahöfn og áfram að Þerribjargi.

Einnig verður boðið upp á siglingu frá Vopnafirði í fjöruna undir

Þerribjargi. Kakó og kleinur í fjörunni. Komið við í Bjarnarey á

heimleiðinni. Leiðsögumaður: Hjálmar Jóelsson

Mæting kl. 9:00 við upplýsingamiðstöðina á Egilsstöðum, rútuferð.

Verð kr. 4.700. fyrir manninn.

Upplýsingar og skráning í síma 863 5813.

JÚLÍ

8. –12. júlí. Fimm daga sumarleyfisferð um Gerpissvæðið. 🐾🐾🐾
Sívinsæl ferð, náttúruperlur, hæfileg ganga og góður andi.

1. dagur: Gengið frá Oddsdal í Norðfirði til Viðfjarðar um Op, Grákoll og Dys. Gist í Viðfirði.

2. dagur: Gengið út að Barðsnesbæ. Ef viðrar verður gengið frá Stuðlum upp í Sandvíkurskarð þar sem útsýni er frábært um Sandvíkina. Gist á Barðsnesi.

3. dagur: Við skoðum þann hluta Barðsness, perlu Gerpissvæðisins, sem við komumst yfir. Gist á Barðsnesi.

4. dagur: Til baka í Viðfjörð, grillað og kveikt bál ef veður leyfir, kvöldganga og gist.

5. dagur: Gengið um Viðfjörð og Hellisfjörð með sjó til Grænanes í Norðfirði, sund og lokaveisla í Seldal í Norðfirði þar sem gist verður síðustu nóttina.

Verð: 25.000 fyrir félagsmenn en 28.000 fyrir aðra.

Fararstjórar: Laufey Þ.Sveinsdóttir og Ína D.Gísladóttir.

Skráning fyrir maílok í s. 894 5477 / 477 1226 og seldalur@centrum.is

Gönguleiðakortið okkar

“Fjarðaslóðir austast á Austfjörðum”

er nauðsynlegur ferðafélagi, það fæst víða á Austurlandi

Mottó ferðadagskrár félagsins er:

“eitthvað fyrir alla og allir með”

JÚLÍ

21. júlí. Gróðurskoðun í Hólmanesi. 🏠

Plöntur verða skoðaðar og greindar undir stjórn Guðrúnar Á. Jónsdóttur plöntufræðings og Líneikar Önnu Sævarsdóttur líffræðings.

Í Hólmanesinu er fjölbreyttur gróður sem gaman er að skoða.

Mæting kl. 10:00 á bílastæði við ströndina á móti þéttbýlinu á Eskifirði.

21. júlí. Hjólaferð. 🚲 🚲

Hjólað í gegnum Fáskrúðsfjarðargöngin út Fáskrúðsfjörð um Vattanes-skriður inn Reyðarfjörð að göngum. Vegalengd u.þ.b 65 km. Skorum á unglunga að keppa við eldra liðið. Umsjón Árni Ragnarsson. Mæting kl.10:00 við göngin Reyðarfjarðarmegin.

22. júlí. Kvöldganga á Grænafell í Norðfirði. 🏠

Gengið frá bílastæði neðan brúar á Oddsdalsá (upphaf gönguleiðar í Op) og sömu leið til baka. Fararstjóri Ína D. Gísladóttir. Mæting kl. 20:00.

Upplýsingar um
"Fjöllin fimm" í Fjarðabyggð er
á heimasíðu félagsins
simnet.is/ffau
Náið ykkur í stimpilhefti,
leggið fjöllin að fótum ykkar og
njótið göngunnar.

Góða ferð.

*Skráning í gistiskálann að
Karlstöðum í Vöðlavík er hjá Ínu í
síma 894-5477*

ÁGÚST OG SEPTEMBER

11. ágúst. Hádegisfjall.

Gengið á fjallið frá Fáskrúðsfjarðargöngum Reyðarfjarðarmegin. Hádegisfjall er 809 m hátt og eitt af “stimpilfjöllunum fimm” í Fjarðabyggð. Mæting kl. 10:00 við Fáskrúðsfjarðargöngin.

18. ágúst. Berja- og söguganga.

Frá Blóðbrekkum undir Hátúni í Oddsdal niður gömlu hesta – og göngugötuna um Oddsskarð, að ármótum Hengifossár og Selár. Fararstjóri Hálfan Haraldsson. Mæting í Blóðbrekkum kl. 10:00.

25. ágúst. Goðaborg í Norðfirði til Eskifjarðar.

Gengið á Goðaborg í Fannardal, síðan er haldið eftir eggjum yfir að Fönn og þaðan á Andra og komið niður í Eskifjörð. Löng og krefjandi ganga (8-10 klst.). Þeir sem vilja ekki fara alla leið geta látið sér nægja að ganga á Goðaborgina og sömu leið til baka. Goðaborg (1.132 m) er eitt af “stimpilfjöllunum fimm” í Fjarðabyggð. Mæting kl. 10:00 við Fannardalsá.

8.-9. september. 3ja skóa lúxushelgi að Karlsstöðum í Vöðlavík.

Laugardagur: Kl. 10, gengið upp Dysjardal, yfir Vindháls og út á Viðfjarðarmúla. Gist á Karlsstöðum.

Sunnudagur: Gengið út á Krossanes og í bakaleiðinni út á sandinn. Veisla og kvöldvaka á laugardagskvöld. Gönguheftir makar velkomnir. Verð kr. 5.000 á mann. Skráning hjáínu í síma 477-1226 / 894-5477 og seldalur@centrum.is

16. september. Breiðdalur–Stuðlar í Reyðarfirði.

Gengið frá Breiðdal inn Hróarsdal um Móskjónuskarð að Stuðlum í Reyðarfirði. Rúta flytur fólk frá Stuðlum í Reyðarfirði í Breiðdal. Fararstjóri Árni Ragnarsson. Skráning og upplýsingar í síma 470-1018. Mæting kl. 10:00 við Stuðla.

Aðalfundur Ferðafélags Fjarðamanna

verður haldinn 26. apríl nk. kl. 20:00

í Kirkjumiðstöðinni á Eskifirði.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kaffi og myndasýning af Gerpissvæðinu að loknum aðalfundarstöfum

Nýir félagar velkomnir

Fréttir af starfi félagsins:

Helsta verkefni á komandi sumri verður að ljúka við frágang á skálavarðahúsinu. Félagsmenn eru hvattir til að taka að sér skálavörslu á komandi sumri, áhugasamir hringi í Lullu í s- 8633623. Fyrirhugað er að stika leiðina frá Karlsskála í Reyðarfirði til Karlsstaða í Vöðlavík, þar verður þörf á vinnufúsum höndum og fótum. Einnig þurfa þeir félagsmenn sem hafa gönguleið í fóstri að huga að þeim snemma á komandi sumri.

Nánari upplýsingar um félagið, nefndir, fréttir af starfi, myndir úr ferðum ofl. er að finna á heimasíðu okkar <http://www.simnet.is/ffau>

Símsvari félagsins, með upplýsingum um ferðir, er

878-1600

Netfang: seldalur@centrum.is